

401. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 7. maí 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**Mætt:**

Auður Kjartansdóttir
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru BHB
 Jóhanna Jóhannesdóttir í fjarveru JBJ
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Patryk Zolobow
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Vakti hún athygli á því að 4. liður fundarins fellur niður. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025. Seinni umræða.**

Endurskoðendur Snæfellsbæjar mættu á fundinn undir þessum lið og fylgdu ársreikningi 2025 úr hlaði ásamt því að fara yfir samanburð á ársreikningum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Forstöðumenn stofnana mættu jafnframt á fundinn undir þessum lið.

Ársreikningur er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem er í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru Félagsheimilin Klif og Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd, Leiguibúðir með hlutareign og Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jadar.

Fóru endurskoðendur yfir helstu tölur í ársreikningi 2025.

Góð afkoma Snæfellsbæjar 2025

Rekstur Snæfellsbæjar kom mun betur út en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir og var rekstur samstæðunnar jákvæður um 630,4 m.kr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á um 223,3 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 415,5 m.kr.

Snæfellsbær fjárfesti á árinu 2025 fyrir um 751,8 m.kr., þar af voru fjárfestingar Hafnarsjóðs um 267,4 m.kr., en með framlagi ríkissjóðs til hafnarframkvæmda var heildarfjárfestingin 893 m.kr.

Það er efirtektarvert að forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar eru að skila almennum rekstri sinna stofnana enn eitt árið undir áætlun. Þetta er mjög ánægjulegt og eiga forstöðumenn hrós skilið fyrir hversu vel þeir reka sínar stofnanir og hversu vel þeir eru að fylgjast með fjárhag sinna eininga. Heilt yfir, þá voru tekjur ársins 2025 vel yfir áætlun á meðan almennur rekstrarkostnaður var lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Rekstur stofnana var því með miklum ágætum.

Lífeyrisskuldbindingar fóru fram úr áætlunum, en skuldbindingar lífeyrisþega hækka jafnhliða launahækkunum starfsmanna á opinberum launamarkaði. Þetta er eitthvað sem vert er að skoða, þ.e. hvernig við getum betur áætlað hækkuð lífeyrisskuldbindinga ár frá ári því þær hafa veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins ár hvert.

SB FS
 AK P2
 MB JG
 JBO JG

Helstu lykiltölur ársreiknings eru taldar hér:

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.477 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.958 m.kr. Rekstrartekjur A- hluta námu um 3.553,9 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.124,6 m.kr.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 630,4 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 223,3 m.kr.. Rekstrarafkoman varð því töluvert betri en áætlun gerði ráð fyrir, eða sem nemur 407,1 m.kr.. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 415,5 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir afkomu upp á 127,9 m.kr.. Afkoma A-hluta varð því betri sem nemur 287,6 m.kr..

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 2.258,9 m.kr. en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 152 stöðugildum í árslok.

Veltufé frá rekstri var 660,6 m.kr. og veltufjárhlutfall er 0,97 hjá A-hluta. Veltufé frá rekstri í samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var 950 m.kr. í árslok 2025 og veltufjárhlutfall samstæðunnar er 1,31.

Handbært frá rekstri var 596 m.kr. hjá A-hluta og 970 m.kr. hjá samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta. Þessi tala gefur vísbendingar um hæfni Snæfellsbæjar til að greiða skuldir og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum á árinu.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 6.578 m.kr. og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 8.680 m.kr. í árslok 2025.

Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 1.975,9 m.kr. og í samanteknum ársreikningi um 2,242,5 m.kr.

Snæfellsbær hefur verið að greiða niður lán og minnka skuldir undanfarin ár, og á árinu 2025 voru engin ný lán tekin, þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar.

Skuldahlutfall Snæfellsbæjar er lágt, eða 55,6% hjá A-hluta og 50,09% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta. Ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 35,2% fyrir A-hluta og 28,72% fyrir samstæðuna. Snæfellsbær hefur því töluvert svigrúm til lántöku ef kemur til einhverra stærri tekjufalla í framtíðinni. Skv. 64. gr. 2. málsgr. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Eigið fé bæjarsjóðs nam um 4.602 m.kr. og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 6.437,5 m.kr. í árslok 2025. Eiginfjárhlutfall er 69,96% á á árinu 2025 hjá A-hluta en var 67,93% árið áður. Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta er 74,16% í lok árs 2025 en var 73,38% árið áður. Almenn er talið að 50% eiginfjárhlutfall hjá sveitarfélagi sé ásættanlegt.

Fjárfestingar á árinu 2025

Eins og áður segir, þá fjárfesti Snæfellsbær á árinu 2025 fyrir um 751,8 m.kr., þar af voru fjárfestingar Hafnarsjóðs um 267,4 m.kr. Stærstu einstöku fjárfestingarnar á árinu 2025 voru malbikunar- og gatnaframkvæmdir, upp á samtals 277,4 millj. Þar af var malbikað fyrir 124,7 millj. Vallholt í Ólafsvík var endurnýjað fyrir um 99 millj., framkvæmdir voru í Naustabúð á Hellissandi fyrir um 18,5 millj. og gangstéttir voru lagaðar og endurnýjaðar fyrir um 35,2 millj.

Viðhaldsframkvæmdir voru fyrirferðarmiklar á árinu 2025, líkt og á árunum 2023-2024. Meðal annars var skipt um þak á Ráðhúsinu á Hellissandi, leikskólinn Krílakot í Ólafsvík var stækkaður og lokið var við anddyrið á Jaðri. Jafnframt var farið í mikið af nauðsynlegum viðhaldsframkvæmdum við nánast allar stofnanir bæjarfélagsins, og munu þær framkvæmdir halda áfram á árinu 2026.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Au FS", "Nuss", and other illegible marks.

Eins og fram kemur hér að ofan, voru fjárfestingar og framkvæmdir ársins 2025 mjög miklar hjá sveitarfélaginu, en þrátt fyrir það hefur tekist að lækka skuldir og halda rekstri sveitarfélagsins á pari við fjárhagsáætlun, jafnframt því að þurfa ekki að taka nein ný lán á árinu. Afkoma ársins 2025 var mjög jákvæð og verður því fjárhagsstaða Snæfellsbæjar að teljast afar góð.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða ársreikning Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025 og voru reikningarnir undirritaðir.

Véku endurskoðendur og forstöðumenn nú af fundi og var þeim þökkúð koman.

- 2) **Fundargerð 367. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 22. apríl 2026**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 201. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. apríl 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 106. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 9. apríl 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerð 107. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 29. apríl 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerð 7. fundar rekstrarnefndar Klifs, dags. 26. apríl 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 7) **Fundargerð 11. fundar velferðarnefndar, dags. 26. apríl 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 8) **Fundargerð 34. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 5. maí 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 25. mars 2026, ásamt skýrslu stjórnar.**
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundargerðir 997. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. apríl 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerðir 94., 95., 96. og 97. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 23. janúar, 20. febrúar, 3. mars og 8. apríl 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Fundargerð 481. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 17. mars 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Tillaga frá Halldóru Kristínu Unnarsdóttur, dags. 10. apríl 2026, um nýtingu félagsheimilisins Rastar fyrir börn og ungmenni.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fá Halldóru ásamt íþróttá- og æskulýðsfulltrúa inn á næsta fund bæjarráðs.
- 14) **Áskorun frá forvarnarteymi Snæfellsness, vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 8. apríl 2026, varðandi annars vegar drög að breytingu á reglugerð um framkvæmd raforkulaga og hins vegar varðandi breytingar á raforkulögum.**
Lagt fram til kynningar.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "FS.", "stu", "WS", "12", and several illegible signatures.

- 16) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Welcome Iceland ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, að Hafnargötu 11 í Rífi, Snæfellsbæ.**

Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Welcome Iceland ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, að Hafnargötu 11 í Rífi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

- 17) **Bréf frá Þjóðkirkjunni, dags. 27. apríl 2026, varðandi ályktun um leiðréttingu sóknargjalda.**

Lagt fram til kynningar.

- 18) **Samþykktir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. – fyrri umræða í bæjarstjórn eftir samþykkt í ráðuneytunum.**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa samþykktunum til seinni umræðu í bæjarstjórn.

- 19) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2026.
- Bæjarstjóri sagði frá því að byrjað er að rífa Áttthagastofuna og gengur það ágætlega.
- Bæjarstjóri ræddi sumarfrismál.
- Bæjarstjóri sagði frá því að búíð er að þrifa og sópa götu og gangstéttir í þéttbýlinu.
- Bæjarstjóri sagði frá því að búíð er að opna tjaldsvæðin.
- Forseti bæjarstjórnar kom með eftirfarandi bókun í tilefni af því að þetta er síðasti bæjarstjórnarfundur núverandi bæjarstjórnar: „Bæjarfulltrúar D listans vilja við lok þessa kjörtímabils færa bæjarfulltrúum J listans einlægur þakkir fyrir afar gott samstarf á liðnum árum í bæjarstjórn. Meiri- og minnihluti hefur meðal annars unnið sameiginlega að fjárhagsáætlanagerð á kjörtímabilinu og lítill ágreiningur hefur verið um þau verkefni sem farið var í. Gott samstarf í bæjarstjórn er mikilvægur hlekkur í að ná fram góðum rekstri og að veita góða þjónustu hjá sveitarfélaginu. Takk fyrir ykkar mikilvæga framlag til samfélagsins. Ekki síst viljum við þakka þeim aðilum sem hafa setið lengi í bæjarstjórn, Fríðu Sveinsdóttur sem hefur setið í bæjarstjórn í 17 ár og Birni H Hilmarssyni sem setið hefur í 12 ár.“ Bæjarstjóri og bæjarritari taka undir þessa bókun og þakka bæjarfulltrúum fyrir afar gott samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:54


Auður Kjartansdóttir



Júníana Björg Óttarsdóttir



Margrét Sif Sævarsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Fríða Sveinsdóttir


Jóhanna Jóhannesdóttir


Patryk Zolobow


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari